

# Laugardalur, breytt landnotkun

Skilgreining samfélagsþjónustu við Reykjaveg

AÐALSKIPULAG  
REYKJAVÍKUR  
2040

Laugardalur  
Breytt landnotkun

Skilgreining samfélagsþjónustu við Reykjaveg


Aðalskipulagsbreyting

Lögð fram að lokinni auglýsingu, sbr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010


Janúar 2026

Afgreiðsla aðalskipulagsbreytingar sbr. 32. gr. skipulagslaga, ásamt umsögn vegna framkominna athugasemda við auglýsta tillögu.

*Tillaga til samþykktar og vísað til staðfestingar hjá Skipulagsstofnun*




## Markmið breytinga



- Að skapa skilyrði fyrir skjóta uppbyggingu skólastofnana til að mæta brýnni þörf sem nú er til staðar í nálægum skólahverfum
- Tímabundin lausn til 5-15 ára til að mæta ástandi vegna viðhaldsþarfar í núverandi skólahúsnæði í hverfinu (Laugarness-, Langholts- og Laugarlækjarskóla) og vegna fjölgunar nemenda.
- Unnið í samráði við Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar
- Landnotkunarflokkur heimilar svæði fyrir grunnskóla, leikskóla og aðra samfélagsþjónustu

# Breytingartillögur – frá íþróttasvæði (ÍP1) yfir í samfélagsþjónustu (S62)

Fyrir breytingu (gildandi aðalskipulag):




Núverandi skilgreining á svæði við Reykjaveg:

**Íþróttasvæði (ÍP):** Svæði fyrir landfreka íþróttaaðstöðu aðra en þá sem þjónar tilteknu hverfi, svo sem skeiðvelli og hesthúsabyggð, akstursíþróttasvæði, skotæfingasvæði, golfvelli og stærri íþróttamiðstöðvar (gr. 6.2.j. í skipulagsreglugerð).

**ÍP1.** Þjóðarleikvangar og íþróttamannvirki í Laugardal, ásamt Laugardalslaug og Skautahöll. Einnig stofnanir og skrifstofur í tengslum við íþróttastarfsemi og útivist á svæðinu.

Tillaga að breytingu:

Eftir breytingu (tillaga):



**Samfélagsþjónusta (S):** Svæði fyrir stofnanir og fyrirtæki sem óháð eignaraðild veita almenna þjónustu við samfélagið, svo sem menntastofnanir, heilbrigðisstofnanir, menningarstofnanir, félagslegar stofnanir, trúarstofnanir og aðrar þjónustustofnanir ríkis, sveitarfélaga eða annarra aðila (gr. 6.2.d. í skipulagsreglugerð).

**S62. Skólaborp\*:** Svæði fyrir grunnskóla, leikskóla og aðra samfélagsþjónustu sbr. skilgreining skipulagsreglugerðar (gr. 6.2.d), sem einkum þjónar viðkomandi hverfi. Nánari stefna um landnotkun, starfsemi og þéttleika á viðkomandi svæðum er ákveðin í hverfis-og/eða deiliskipulagi. Við ákvarðanir um þéttleika verði almennt tekið mið af yfirbragði nærliggjandi byggðar

Svæðið er 1,2 ha og minnkar þá ÍP1 úr 23,3ha í 22,1 ha.

## Umhverfismat – megin niðurstöður

**Efling skólahverfa og félagsleg sjálfbærni**  
**Áhrif á einstaka aðila**

Tímabundið álag á skólasamfélag skólanna þriggja vegna viðhalds en verkefnið er mikilvægt og þörf á því til lengri tíma litið

**Ferðavenjur barna og öruggar gönguleiðir**

Í samgöngumati er staðsetning skólaþorpsins talin heppileg fyrir virka ferðamáta og gefur tillögur að betrumbótum við hönnun og útfærslu stíga

**Landnotkun og byggingarmagn**

Svæðið er þegar raskað, samræmist vel landnotkun í kring og einingahús sem auka byggingarmagn

**Menningarminjar**

Engar skráðar fornleifar á svæðinu

**Náttúruvernd, almenningsrými og opin svæði**

Ekki röskun á mikilvægu útivistarsvæði eða almenningsrými. Gróðri við jaðra skipulagssvæðisins er að mestu haldið eftir.

**Heilsa og öryggi íbúa í grennd**

Bílaumferð gæti aukist við Reykjaveg með tilheyrandi umhverfisáhrifum en áhrif nýrra húsbygginga og skólastarfsemi á nærliggjandi byggð eru talin óveruleg

**Loftslagsmál**

Losun gæti tímabundið orðið meiri frá umferð á viðhaldstíma Laugalækjar- og Langholtsskóla

## Viðbrögð við athugasemdum

Laugalækjarskóli

Laugarnesskóli



Langholtsskóli

Tillaga var auglýst skv. 31. gr. skipulagslaga, í 6 vikur frá 18. september til 30. október 2025.

Alls bárust 12 athugasemdir, þar af 7 efnislegar frá eftirfarandi aðilum:

- Foreldrafélag Laugarnesskóla
- Íbúasamtök Laugardals
- Knattspyrnusamband Íslands (KSÍ)
- Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands (ÍSí)
- Lögreglan á Höfuðborgarsvæðinu
- Mörkin lögmannsstofa hf., f.h. Lauga ehf.
- Slökkvilið Höfuðborgarsvæðisins

## Viðbrögð við athugasemdum

### Helstu athugasemdir varða:

#### Tímabundin lausn til 5-15 ára

- Aðalskipulagsbreytingin er bindandi en orðalagið er notað til að undirstrika að breytingin er til að mæta tímabundnu ástandi og að notkun lokinni er eðlilegt að endurmeta þörf á svæðinu fyrir íþrótt eða skólastarf.

#### Staðsetning skólaþorpsins

- Fjöldi valkosta var velt upp við ákvörðun svæðisins og staðsetning m.a. valin á grundvelli þess að
  - (1) svæðið er þegar raskað í stað þess að leita á rólegra eða grænna svæði í Laugardal
  - (2) góð samlegðaráhrif íbúðarbyggðar, íþróttasvæða og samfélagsþjónustu
  - (3) miðlæg staðsetning fyrir grunnskólana þrjá

#### Framtíðarsýn íþróttasvæða, grænna svæða og grunnskóla í Laugardal

- Áhyggjur um að breytingin verði fordæmi fyrir frekari breytingum, sérstaklega á íþróttasvæðum. Rammaskipulag til fyrir Laugardal frá 2005 og síðan þá hefur svæðið ef eitthvað er, eflst sem fjölbreytt íþróttasvæði. Til lengri framtíðar má m.a. með uppbyggingu Þjóðarhallar, horfa til frekari samlegðar milli íþróttastarfsemi og samfélagsþjónustu á svæðinu, jafnframt því að gæta að því að halda í grænu svæðin sem einkenna Laugardalinn.

#### Útfærsla samgöngumats – vísað til deiliskipulags

#### Bílastæði, aðkomuleiðir og samtal við viðbragðsaðila – vísað til deiliskipulags

**Í ljósi viðbragða eru ekki lagðar til efnislegar breytingar á auglýstri tillögu.**

# Laugardalur, breytt landnotkun

Skilgreining samfélagsþjónustu við Reykjaveg

AÐALSKIPULAG  
REYKJAVÍKUR  
2040

Laugardalur  
Breytt landnotkun

Skilgreining samfélagsþjónustu við Reykjaveg

## Aðalskipulagsbreyting

Lögð fram að lokinni auglýsingu, sbr. 32. gr.  
skipulagslaga nr. 123/2010

Janúar 2026



**Afgreiðsla aðalskipulagsbreytingar sbr. 32. gr. skipulagslaga, ásamt umsögn vegna framkominna athugasemda við auglýsta tillögu.**

***Tillaga til samþykktar og vísað til staðfestingar hjá Skipulagsstofnun***

